

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ



Umhverfisráðuneytið var stofnað árið 1990 og er yngsta ráðuneytið í Stjórnarráði Íslands. Með stofnun þess voru stjórnvöldum sköpuð skilyrði til að móta og framfylgja heildstæðri stefnu í umhverfismálum, en þeir málaflokkar sem færðir voru til umhverfisráðuneytisins voru áður á hendi sex ráðuneyta.

Skipulag umhverfismála hefur tekið stakkaskiptum frá stofnun umhverfisráðuneytisins. Unnið hefur verið að endurskoðun og samræmingu umhverfislöggjafar þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi. Meðal helstu stefnumarkandi laga á sviði umhverfismála má nefna: Lög um náttúruvernd (1999), lög um hollustuhætti og mengunarvarnir (1998), lög um landmælingar og kortagerð (1997), skipulags- og byggingarlög (1997), lög um matvæli (1995), lög um erfðabreyttar lífverur (1995), lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (1994), lög um mat á umhverfisáhrifum (1993), lög um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál (1993) og lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (1992).

Ráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varða náttúru Íslands, náttúruvernd og útivist, dýravernd, veiðar á villtum dýrum, mengunarvarnir, hollustuhætti og matvæli, skipulags- og byggingarmál, brunavarnir, ofanflóð, landmælingar og kortagerð, umhverfisrannsóknir og vöktun og fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála.

Almenn stefnumótun

Ríó-ráðstefnan um umhverfi og þróun árið 1992 markaði tímamót í umhverfismálum, er ríki heims samþykktu að vinna að vernd umhverfisins samhliða bættum lífskjörum mannkyns undir merkjum sjálfbærrar þróunar. Á Íslandi hafa stjórnvöld unnið að því að hrinda þessum markmiðum í framkvæmd með almennri stefnumótun. Ríkisstjórnin samþykkti 1993 stefnumótun á grundvelli Ríó-samþykktanna „Á leið til sjálfbærrar þróunar“. Árið 1997 samþykkti ríkisstjórnin viðamikla framkvæmdaáætlun „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, Framkvæmdaáætlun til aldamóta“, þar sem leitast er við að innleiða sjónarmið sjálfbærrar þróunar inn í helstu atvinnuvegi og þætti samfélagsins. Umhverfisráðuneytið leiðir starf Íslands í nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Skipulags- og byggingarmál

Umhverfisráðuneytið fer með skipulags- og byggingarmál, mat á umhverfisáhrifum, landmælingar og kortagerð. Brunamál færðust til ráðuneytisins árið 1998. Meðal verkefna á þessu sviði er að ljúka gerð aðalskipulags fyrir landið allt, gerð landnýtingaráætlana, þróun landupplýsingakerfa og gerð stafræns kortagrunns af landinu öllu. Stofnanir ráðuneytisins á þessu sviði eru Skipulagsstofnun, Landmælingar Íslands og Brunamálstofnun.

Náttúruvernd

Meðal verkefna ráðuneytisins á þessu sviði eru friðlýsing lands, búsvæða og tegunda, umsjón þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða, dýravernd og aðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra og sjálfbær nýting náttúruauðlinda, gerð stafrænna gróðurkorta, flokkun búsvæða, öflun upplýsinga um líffræðilega fjölbreytni, gerð náttúruverndaráætlunar og áætlunar um verndun votlendis sem hefur alþjóðlega þýðingu. Ráðuneytið vinnur einnig að verndun gróðurs og skóga í samráði við landbúnaðarráðuneytið. Stofnanir ráðuneytisins á þessu sviði eru Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og embætti veiðistjóra.

Hollustuhættir og matvæli

Meðal verkefna ráðuneytisins á þessu sviði eru almennt heilbrigðiseftirlit og eftirlit með framleiðslu, innflutningi og dreifingu matvæla, með það að markmiði að tryggja landsmönnum heilnæm lífsskilyrði. Hollustuvernd ríkisins er sú stofnun ráðuneytisins sem fer með þessi mál og hefur hún yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Mengunarvarnir

Ráðuneytið annast málefni er varða varnir gegn mengun í lofti, láði og á legi, fráveitumál og málefni er varða förgun, meðferð og endurnýtingu úrgangs, svo og mál er varða eiturefni og hættuleg efni. Stofnun ráðuneytisins á þessu sviði er Hollustuvernd ríkisins.

Vöktun og rannsóknir


Ráðuneytið hefur umsjón með reglulegri vöktun umhverfisins og rannsóknum á náttúru Íslands. Þá fer ráðuneytið með mál er varða varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Náttúrufræðistofnun Íslands sinnir vöktun og undirstöðurannsóknum á náttúru landsins, en Veðurstofa Íslands sinnir rannsóknum á lofthjúpnum, jarðskorpuhreyfingum og ofanflóðum, auk almennrar veðurþjónustu. Aðrar stofnanir ráðuneytisins sem koma að vöktun og rannsóknum eru Hollustuvernd ríkisins, Landmælingar Íslands, Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn og embætti veiðistjóra, hver á sínu sviði.

Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðlegt samstarf gegnir lykilhlutverki í umhverfismálum, enda flest umhverfismál þess eðlis að þau varða fleiri en eina þjóð og mörg eru hnattræn í eðli sínu. Umhverfisráðuneytið sinnir fjölþættu Norðurlandasamstarfi og hefur umsjón með framkvæmd alþjóðlegra umhverfisverndarsamninga sem Ísland er aðili að. Ráðuneytið tekur þátt í umhverfisstarfi margra fjölþjóðlegra samtaka, svo sem Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunarinnar (OECD). Þá fer ráðuneytið með umhverfis- og matvælaþætti samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (EES). Áhersla á umhverfismál norðurslóða hefur vaxið undanfarin ár og starfar stofnun Vilhjálms Stefánssonar að málefnum á því sviði. Alþjóðlegar skrifstofur tveggja verkefna á vegum Norðurskautsráðsins, sem sinna verndun lífríkis (CAFF) og vernd hafsins (PAME), eru staðsettar hér á landi.

Skipurit umhverfisráðuneytisins:



Stofnanir umhverfisráðuneytisins:

Brunamálastofnun ríkisins

Hollustuvernd ríkisins

Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Embætti veiðistjóra

Landmælingar Íslands

Náttúruvernd ríkisins

Skipulagsstofnun

Veðurstofa Íslands



Umhverfisráðuneytið
Heimasíða: <http://www.stjr.is/umh>